

Skipulagsstofnun  
B.t. Jakobs Gunnarssonar  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

VERKNÚMÉR:  
16083005

DAGS.:  
2022-02-17

## Ný hreinsistöð við Hellisheiðarvirkjun - viðbrögð við umsögnum

Í erindi, dagsettu 21. desember 2022, óskaði Orka náttúrunnar eftir því við Skipulagsstofnun að hún tæki afstöðu til hvort fyrirhuguð framkvæmd við byggingu nýrrar hreinsistöðvar við Hellisheiðarvirkjun væri háð mati á umhverfisáhrifum.

Tilkynningunni fylgdi greinargerð þar sem framkvæmdinni er lýst.

Í svari frá Skipulagsstofnun, dagsettu 18. janúar 2022, kemur fram að stofnunin óski eftir því að eftirtaldir aðilar veiti umsögn um málið: sveitarfélagið Ölfus, Orkustofnun, Umhverfisstofnun, Vinnueftirlitið og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Frestur þeirra til að skila umsögnum var til 16. febrúar 2022. Að auki óskaði Orka náttúrunnar eftir því að Hveragerðisbær fengi tækifæri til þess að leggja fram umsögn um framkvæmdina. Skipulagsstofnun varð við þeirri ósk.

Nú, þegar umsagnafrestur er liðinn, hafa borist umsagnir frá Umhverfisstofnun, Vinnueftirlitinu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Hveragerðisbæ. Þær umsagnir sem borist hafa kalla ekki á stórvægilegar breytingar af hálfu framkvæmdaaðila. Þó bendir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands á að framkvæmdaaðili geti þurft að sækja um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar vegna einstaka verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur. Vinnueftirlitið bendir auk þess á að reglugerð nr. 1022/2017 um þrýstibúnað gildi um vissa þætti í framkvæmdinni.

Orka náttúrunnar mun taka tillit til ábendinganna á næstu stigum verksins.

Virðingarfyllt, f.h. Orku náttúrunnar

  
Heiða Aðalsteinsdóttir